

verið á við stiptamtmanninn yfir Íslandi um málið, leyfum vér oss að biðja utanríkisstjórnina um að láta tilkynna beiðendunum, að þeim verði ekki veitt það sem þeir hafa sókt um.

1867.
29. júní.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir nórður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

29. júní.

Í skjali því, er fylgir í eptirriti með bréfi þessu, og hingað hefir borizt beina leið, hefir Stefán Thórarensen, sýslumaður í Eyjafjardarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri, skotið til úrslita stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra amtmáður, 29. maímán. f. á., þar sem ekkjan Ingibjörg Gottskálksdóttir er dæmd sveitlæg á Saurbæjar hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að úrskurður yðar í málinu skal vera óhaggaður¹.

1) Úrskurður amtmannsins er svolátandi:

Með þóknanlegu bréfi frá 26. þ. m. hafið þér, herra hreppstjóri, áfrýjað til amtsins úrskurði sýslumannsins í Eyjafjardarsýslu frá s. d., sem ákveður að ekkjan Ingibjörg Gottskálksdóttir á Klúkum sé sveitlæg í Hrafnagils hrepp. Það er upplýst í þessu máli, að tæð ekkja hafi samfleytt síðan vorið 1854, á þess sannað verði, að hún hafi þegið opinberan sveitarstyrk, fyrst sem gipt kona til haustsins 1859, þá maður hennar Jón Sveinsson andaðist, og síðan ýmist sem húandi, ýmist í húsmennsku, allt til þessa dags dvalið í Hrafnagils hrepp. Maður hennar sálugi, Jón Sveinsson, átti á dánardegi framfærslurétt í Saurbæjar hrepp; en sýslumaðurinn í Eyjafjardarsýslu hefir álitíð, að leggja megi dvöl ekkjunnar í Hrafnagils hrepp eptir dauða mannsins saman við dvöl hennar þar, áður en maðurinn andaðist, og hún þannig eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. grein hafi áunnið sér þar sveitarframfærslu.

1867.

3. júlí.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um lestagjald og aðkaupsgjald af hvalaveiðaskipum, er aflinn er fluttur á þeim til útlanda.

Með bréfi 20. febrúarmán. þ. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, þar sem hann biður amtið að leita úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að eigi að kaupa leiðarbréf handa skipum þeim, sem hvalaveiðafélagið Roys og Lilliendal hafa, þegar aflinn er fluttur á þeim til útlanda, eptir að búið er að verka hann í landi, en hvort sem hann annars er fenginn á því skipi eða einhverju öðru af skipum félagsins, og hvort ekki eigi, þegar eins sé ástætt, að greiða aðkaupsgjald af skipum þeim, sem höfð eru til að flytja aflann til útlanda. Hafð þér látið í ljósi það álit

Þessi skoðun sýslumannsins er að amtsins áliti alveg röng; því eins og amtið í bréfi til sama embættismanns 11. maímán. 1862 hefir látið í ljósi, fylgir kona framfærsluátthögum mannsins, unz hún, eptir dauða mannsins, á lögskipaðan hátt hefir áunnið sér rétt til sveitarframfærslu (sjá reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. grein og tilskipun fyrir Danmörku 24. janúarmán. 1844 9. grein) og er fráfali mannsins að setja samhliða hverri annari breytingu á samastað, er skerðir rétt til að ávinna sér sveit fyrir konuna; því dvalarár hennar í hjónabandi mega augljóslega ekki leggjast saman við dvalarár hennar í ekkjustandi, þar sem maðurinn á að sjá konunni fyrir framfærslu og hún sem ómyndug hýrist í hans skjóli. Þetta verður allt ljósara með einu dæmi. Hefði ekkjan Ingibjörg dvalið t. a. m. í Glæsibæjar hrepp, meðan maður hennar lifði, en flutt sig til Hrafnagils hrepps, þegar hann andaðist, og hýrzt þar síðan, eða haldið áfram dvöl sinni í Glæsibæjar hrepp til þessa tíma, þá gæti engum heilvita manni dottið í hug, að hún hefði áunnið sér framfærslurétt, hvorki í Glæsibæjar eða Hrafnagils hrepp.

Þess vegna úrskurðast, að ekkjan Ingibjörg Gottskálksdóttir á Klúkum skuli með hyski sínu vera sveitlög á Saurbæjar hrepp, og hefi eg í dag tilkynnt sýslumanninum í Eyjafjardarsýslu þenna úrskurð til aðgæzlu og eptirbreytni.